



ISLEK 50 ára

ISLEK er einstakt norrænt þjóðmenningarmót sem haldið hefur verið 8 sinnum áður.

Okkur þætti vænt um að sjá þig og félaga þína fagna með okkur 50 ára afmæli ISLEK á Íslandi á næsta ári.

[ISLEK2025](#) mun fara fram dagana 14.-20. júlí 2025 í Úlfarsárdal, Reykjavík, í samvinnu við [Nordlek](#).

Mótið er fyrir alla meðlimi Nordlek en einnig aðra sem hafa áhuga á norrænni þjóðmenningu.

Þjóðdansafélag Reykjavíkur hefur skipulagt ISLEK síðan 1975 með um 160-350 þátttakendum í hvert sinn. Þar hafa margir eignast minningar og vini fyrir lífstíð.

Við bjóðum öllum þjóðdönsurum og spilurum til samkomuviku með ríkulegri dansgleði, tónlist, dansleikjum, námskeiðum, norrænum danskvöldum, þjóðbúningum og lokahátíð. Mótinu lýkur með hátíðarkvöldverði. Sýning á dansi og tónlist í Árbæjarsafni og á Reykjavíkursvæðinu.

Sýning verður á íslenskum búningum og handverki í samvinnu við Heimilisiðnaðarfélag Íslands.


Fluttir verða fyrirlestrar um íslenska þjóðlagatónlist og þjóðbúninga.

Farið verður í skoðunarferð um náttúruna og til handverksfólks.

Gisting og mótstaður

Boðið er upp á möguleika á gistingu og fullu fæði í Dalskóla sem er með stóran matsal þar sem allar veitingar eru bornar fram.

Í og við skólann er nóg pláss fyrir dans og tónlistaratriði.





aðgengilegar á [heimasíðu okkar](#).

Samliggjandi er menningarmiðstöð og sundlaug með inni- og útisundlaug, gufubaði, nuddpotti og rennibraut. Þar er einnig íþróttahús.

Fyrir utan skólann er stórt bílastæði.

Við vonum að sem flestir vilji koma til Íslands og njóta með okkur þjartra sumarkvölda og stórbrotinni náttúru.

Nánari upplýsingar um skráningu, dagskrá, ferðalög, mótsgjald, gistingu og matarkostnað verða fljótlega

Með kærri kveðju frá

ISLEK2025 nefndinni

Bendt Pedersen formaður ÞR

Lilja Petra Ásgeirsdóttir tengiliður

Tölvupóstur: ISLEK2025@gmail.com

www.thjoddans.is

